

Vinnureglur vegna úrdráttar tanna með skurðagerð

Útgáfa dags: 16.10.2024

Vinnureglur þessar eru settar með stoð í 5. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 766/2024 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar og tannréttingar og gildandi aðgerðarskrá TFÍ.

Regla I (gj. 517)

Innilokaðar tennur aðrar en endajaxlar sem fjarlægja þarf með skurðaðgerð hjá börnum á grundvelli 5. gr. reglugerðar nr. 766/2024

Heimilt er að fjarlægja innilokaðar tennur, aðrar en endajaxla, með skurðaðgerð á grundvelli 5.gr þ.e. hjá börnum yngri en 18 ára með fullri greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga án umsóknar ef um er að ræða:

- Innilokaða tönn sem líkleg er til að valda skaða eða hefur valdið skaða á nærliggjandi fullorðinstönnum eða stoðvefjum þeirra eða hindrar framkomu þeirra.

Regla II (gj. 518)

Innilokaðir endajaxlar sem fjarlægja þarf með skurðaðgerð hjá börnum á grundvelli 5. gr. reglugerðar nr. 766/2024.

Heimilt er að fjarlægja innilokaða endajaxla með skurðaðgerð á grundvelli 5. gr þ.e. hjá börnum yngri en 18 ára með fullri greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga **ef um bráðan vanda er að ræða.**

Umsóknarskylda er hjá öðrum en munn- og kjálkaskurðlæknum ef um er að ræða:

- Innilokaðan endajaxl með langvinnan pericoronitis eða nýlega sögu um bráðan pericoronitis, þegar ljóst er að tönnin mun ekki ná að komast fram í eðlilega stöðu munn.
- Innilokaðan endajaxl sem hefur valdið skaða á nærliggjandi fullorðinstönnum eða stoðvefjum þeirra eða hindrar framkomu þeirra.

Regla III (gj. 510)

Innilokaðir endajaxlar sem fjarlægja þarf með skurðaðgerð hjá einstaklingum 18 ára og eldri á grundvelli 7. gr. reglugerðar nr. 766/2024

Heimilt er að fjarlægja innilokaðan endajaxl með skurðaðgerð á grundvelli 6. og 7. gr. hjá einstaklingum 18 ára og eldri með greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga sem nemur styrk sem miðast við gjaldskrárnúmer 501 án fyrirfram samþykkrar umsóknar ef um er að ræða:

- Innilokaðan endajaxl með langvinnan pericoronitis eða nýlega sögu um bráðan pericoronitis, þegar ljóst er að tönnin mun ekki ná að komast fram í eðlilega stöðu munnis.
- Innilokaðan endajaxl sem líklegar eru til þess að valda skaða, eða hefur valdið skaða á nærliggjandi fullorðinstönnum eða stoðvefjum þeirra, eða hindrað framkomu þeirra

Regla IV (gj. 509)

Tennur aðrar en endajaxlar sem fjarlægja þarf með skurðaðgerð hjá einstaklingum á grundvelli 6. gr. reglugerðar nr. 766/2024

Almennur úrdráttur annarra tanna en endajaxla greiðist skv. gjaldskrárnúmerum 500-504. Þó er í undantekningartilfellum heimilt að fjarlægja uppkomnar tennur í fullorðnu fólki með skurðaðgerð á grundvelli 6. gr með greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga. Aðeins má beita gjaldskrárnúmeri 509/515 ef ekki reynist unnt að fjarlægja tönnina öðru vísi en með því að flípa frá og gera beinskurð.

Regla V (gj. 519)

Tennur þ.m.t. endajaxlar hjá einstaklingum sem fjarlægja þarf með skurðaðgerð á grundvelli 11.gr. reglugerðar 766/2024

Heimilt er að fjarlægja tennur, þ.m.t. endajaxla með skurðaðgerð hjá einstaklingum á grundvelli 11.gr.

Umsóknarskylda er hjá öðrum en munn- og kjálkaskurðlæknum ef um er að ræða t.d. :

- Innilokaðar tennur tengdar meini, t.d. cystu eða æxli.
- Tennur sem þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðrar geislameðferðar, ónæmisbælandi meðferðar, meðferðar með háskammta beinþéttilyfjum eða af öðrum læknisfræðilegum ástæðum.
- Tennur sem þarf að fjarlægja þegar hætta er á kjálkabeinsdrepni eftir úrdráttinn (vegna yfirstandandi eða lokinnar lyfja- eða geislameðferðar). Í þessum tilfellum skal úrdrátturinn framkvæmdur af munn- og kjálkaskurðlækni.
- Innilokaðir endajaxlar sem þarf að fjarlægja fyrir fyrirhugaða bitleiðréttingu kjálkaaðgerð.